

Allur afli og veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir um borð í skipinu Marie Elise 0250, skulu upptæk og andvirðið renna í Landhelgissjóð Íslands.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 5. október 1955.

Nr. 165/1954. **Helgi Benediktsson**

gegn

**G. A. Sveinssyni f. h. A. E. Sörensens.**

Útivist. Ómaksbætur.

#### Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Helgi Benediktsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 200.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Einnig greiði hann stefnda, G. A. Sveinssyni f. h. A. E. Sörensens, sem sótt hefur dómþing og krafizt ómaksbóta, kr. 700.00 í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 7. október 1955.

Nr. 151/1953. **Högni Gunnarsson** (Jón N. Sigurðsson)

gegn

**Sigrúnu Edwald** (Magnús Thorlacius).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Krafa um búskipti.

#### Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 12. október 1953. Krefst hann þess, að hinum áfrýj-

aða úrskurði verði hrundið, lagt verði fyrir skiptaráðanda að taka bú málsaðilja til skipta og stefnda verði dæmt að greiða málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti.

Eins og lýst er í hinum áfrýjaða úrskurði, hafði áfrýjandi ekki uppi fjárkröfur þær á hendur stefnda, sem greinir í máli þessu, er efni var til, þegar gengið var frá skilnaði aðilja að borði og sæng á árinu 1948 og síðar lögskilnaði þeirra í júnímánuði 1951. Samkvæmt þessu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Rétt er, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 2000.00.

Það athugast, að héraðsdómari hefur ekki tekið framkomna frávísunarkröfu sérstaklega til úrlausnar, sbr. 108. gr. laga nr. 85/1936.

#### Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Högni Gunnarsson, greiði stefnda, Sigrúnu Edwald, kr. 2000.000 í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

#### Úrskurður skiptaréttar Ísafjarðar 1. ágúst 1953.

Ár 1953, laugardaginn 1. ágúst, var í skiptarétti Ísafjarðar, sem haldinn var í bæjarfógetaskrifstofunni af Jóh. Gunnari Ólafssyni bæjarfógeta, kveðinn upp úrskurður í máli þessu, sem tekið var til úrskurðar 1. júní s.l.

Mál þetta var þingfest 2. nóvember 1951. Af hálfu sóknaraðilja, Högna Gunnarssonar forstjóra, Leifsgötu 8, Reykjavík, hafa verið gerðar þær réttarkröfur, að bú hans og fyrrverandi eiginkonu hans, Sigrúnar Edwald, Aðalstræti 16, Ísafirði, nú til heimilis Hnúkagötu 58, Reykjavík, verði tekið til skipta og að búi aðilja verði skipt þannig, að Högni fái í sinn hluta  $\frac{1}{2}$  hluta í firmanu Verzlun J. S. Edwalds, aðallega eins og firmað stóð, er hann lét af stjórn þess, eða til vara eins og verðmæti firmans reyndist við sölu, að Högni fái allt andvirði hlutabréfs í h/f Huginn, eins og það reyndist við sölu, að hann fái í sinn hlut helming allra þeirra verðmæta, sem fyrir fundust í búi aðilja við samvistarslit og ekki voru talin séreign eigin-

konu í kaupmála. Þá krefst Högni afhendingar til sín á nokkrum munum, sem voru séreign hans: orgelharmonium, nótnasafni, bókasafni og skrifborði, en muni þessa kom hann með í búið við giftingu þeirra hjóna.

Einnig gerir hann kröfu til þess, að sér verði afhentur úr búinu silfurbúinn taktstokkur, slifsisnæla úr gulli og bókamerki, er voru gjafir til hans, og enn fremur steinhringur úr gulli.

Þá krefst Högni greiðslu af eignarhluta Sigrúnar á mismun framfærslubunga aðilja í hjónabandinu. Loks krefst sóknaraðili málskostnaðar eftir mati réttarins.

Af hálfu varnaraðilja, Sigrúnar Edwald, eru gerðar þær réttarkröfur aðallega, að málinu verði vísað frá dómi, og til vara, að hún verði algerlega sýknuð af öllum kröfum sóknaraðilja. Þá krefst hún málskostnaðar eftir mati réttarins.

Sáttaumleitun reyndist árangurslaus.

Málavextir eru þessir:

Þann 5. apríl 1941 gengu þau Högni Gunnarsson og Sigrún Edwald í hjónaband, en þau höfðu búið saman frá því á árinu 1937. Áður en þau stofnuðu til hjúskapar, gerðu þau með sér kaupmála, dags. 5. apríl 1941. Samkvæmt honum var fjárhagur þeirra algerlega aðskilinn. Séreign Sigrúnar var samkvæmt kaupmálanum Verzlun J. S. Edwalds, Ísafirði, ásamt vörubirgðum, útistandandi skuldum, skrifstofugögnum og yfirleitt öllu, sem firmanu tilheyrði, nafngreindar húseignir á Ísafirði og víðar, hlutabréf í þremur fyrirtækjum, innanstokksmunir og fleira.

Skuldir, sem hvíldu á þessum eignum, skyldu vera Högna óviðkomandi. Séreign Högna var hlutabréf í Huginn h/f, Ísafirði, kr. 1000.00 að nafnverði. Skuldir, er á Högna hvíldu, og skuldbindingar, sem hann hefði tekizt á hendur, skyldu vera konu hans óviðkomandi. Samkvæmt kaupmálanum skyldi allt það, sem hvort þeirra um sig legði í búið eða eignaðist, meðan þau væru í hjónabandi, vera séreign þess, er það eignaðist.

Sama dag og kaupmálinn var gerður, undirrituðu aðiljar svenefndan samfélagssamning, rskj. nr. 2. Samkvæmt honum skyldi Högni leggja kr. 10.000.00 í firmað Verzlun J. S. Edwalds. Eftir það skyldi nettóeign verzlunarinnar álitin kr. 50.000.00 og eignarhluti Högna  $\frac{1}{4}$ . Tap og gróði skyldu skiptast milli eigendanna eftir hlutföllum 1 á móti 4.

Í 8. gr. samningsins segir, að leita skuli konungsstaðfestingar á 6. og 7. grein hans, sem fjölluðu um það, að ekki mætti gera fjárnám, lögtak eða kyrrsetningu í eignarhluta hvors um sig til tryggingar kröfum, sem ekki snertu sameignina, og um rekstur verzlunarinnar, ef að höndum bæri andlát Högna, gjaldþrot eða fjárræðisviptingu. Leita skyldi staðfestingar á samningnum og honum þinglýst, en hann fékkst ekki staðfestur, og þinglýsing fór ekki fram.

Högni starfaði við verzlun J. S. Edwalds frá 17. maí 1941 til ársins 1948, er þau Högni og Sigrún skildu að borði og sæng. Í marz-mánuði 1948 æskti Högni skilnaðar að borði og sæng. Við sátta-umleitanir hjá bæjarfógeta 12. maí 1948 samþykkti Högni að greiða Sigrúnu kr. 2000.00 mánaðarlegan lífeyri frá 1. apríl að telja, meðan stæði á skilnaðinum. Þá varð samkomulag milli þeirra hjóna um það, að um fjárskipti milli þeirra skyldi fara eftir kaupmálanum frá 5. apríl 1941, en samkvæmt honum átti Högni 1000 kr. hlutabréf í h/f Huginn, að öðru leyti voru eignirnar séreign Sigrúnar.

Hjónin skildu að lögum 5. júní 1951.

Sóknaraðili byggir aðalkröfu sína á því, að ekki hafi verið endanlega gengið frá fjárskiptum á búi þeirra Sigrúnar við skilnað að borði og sæng. Hann heldur því fram, að hann hafi verið eigandi að  $\frac{1}{2}$  hluta í Verzlun J. S. Edwalds, en Sigrún hafi nú selt verzlunina án þess að gera nokkur skil til sín á andvirðinu.

Aðiljar eru sammála um, að Högni hafi tekið víxillán, að fjárhæð kr. 10.000.00, og lagt það í verzlunina. Sigrún fullyrðir, að þessi víxill hafi síðar verið greiddur af verzluninni. Sóknaraðili staðhæfir hins vegar, að víxill þessi hafi aldrei verið færður inn í víxilreikning Verzlunar J. S. Edwalds, enda hafi hann greitt víxilinn af eigin fé, er hann átti útistandandi, og svo af launum sínum hjá Verzlun J. S. Edwalds, og hafi greiðslan þá verið færð honum til skuldar í launa-reikning verzlunarinnar, en sá reikningur bar nafn Sigrúnar. Þá heldur sóknaraðili því fram, að andvirði hlutabréfs hans í h/f Huginn hafi á sínum tíma við sölu runnið til Verzlunar J. S. Edwalds. Telur hann sig því eiga kröfu til að fá andvirðið greitt. Varnaraðili rökstyður frávisunarkröfu sína með því, að krafa sóknaraðilja um skipti sé of seint fram komin, þar sem gengið hafi verið frá fjárskiptum milli þeirra hjónanna 12. maí 1948. En samkvæmt lögum um stofnun og slit hjúskapar nr. 39/1921 á fjárskiptum að vera lokið, þegar skilnaður að borði og sæng fer fram. Ef annar aðilinn þykist hafa orðið hart úti við fjárskiptin, skulu mótmælakröfur vera fram komnar innan hálfars, frá því að skilnaður að borði og sæng fór fram.

Sóknaraðili hefur mótmælt frávisunarkröfunni.

Aðalkrafa sóknaraðilja er um það, að hann fái í sinn hlut  $\frac{1}{4}$  af firmanu Verzlun J. S. Edwalds. Samkvæmt kaupmálanum var verzlunin séreign Sigrúnar. Kröfu sína byggir sóknaraðili á samfélags-samningi rskj. 2, en ekki hjúskap þeirra. Þykir krafa þessi og aðrar kröfur sóknaraðilja ekki þess eðlis, að valda ætti frávisun.

Verður frávisunarkrafa varnaraðilja því ekki tekin til greina.

Varnaraðili hefur krafizt sýknu af öllum kröfum sóknaraðilja. Byggir hann kröfur sínar aðallega á því, að allar fjárkröfur, sem Högni kynni að hafa átt á hendur Sigrúnu Edwald, áður en þau slitu samvistum, hafi fallið niður með skilnaðargerðinni frá 12. maí

1948. Þá telur varnaraðili einnig, að samfélagssamningurinn, rskj. 2, hafi verið ógildur, þar sem hann hafi farið í bága við kaupmálann og ekki fengizt staðfestur.

Varnaraðili heldur því fram, að það sjáist ekki á bókum Verzlunar J. S. Edwalds eða heimilisreikningi Sigrúnar, að andvirði hluta-bréfs Högna í h/f Huginn hafi runnið til verzlunarinnar.

Þá mótmælir Sigrún því sérstaklega, að Högni fái í sinn hlut helming allra þeirra verðmæta, sem voru í búinu við samvistarslitin og ekki voru talin séreign hennar. Telur varnaraðilinn hag Verzlunar J. S. Edwalds hafa verið mjög lélegan, er Högni lét af stjórn verzlunarinnar, enda hafi hann raunverulega verið búinn að sóa verulegum hluta af séreign hennar og ekki getað við brottför sína staðið skil á öllum þeim verðmætum, sem talin voru séreign hennar í kaupmálanum.

Vegna kröfu Högna um afhendingu á orgelharmoníum og nótnasafni, hefur varnaraðili lagt fram í réttinum staðfest afrit af gjafa-bréfi Högna, þar sem hann gefur Gunnari syni sínum þessa muni. Sigrún hefur einnig haldið því fram, að Högni hafi gefið syni sínum bókasafnið og skrifborð það, er hann gerir kröfu til í máli þessu.

Þá mótmælir Sigrún kröfu Högna um steinhring og slifsisnælu og telur hann hafa gefið sér muni þessa, áður en þau giftust.

Taktstokkinn og bókamerkið segir Sigrún enn vera þar, sem Högni skildi það eftir, og geti hann vitjað þessara muna, þegar honum þóknist, gegn kvittun.

Loks mótmælir varnaraðili kröfu sóknaraðilja um greiðslu á mismun á framfærsluþunga aðilja í hjónabandinu. Telur hún, að börn sín af fyrra hjónabandi hafi verið framfærð af búinu, þar til þau voru komin af ómagaaldri, enda hafi Högna borið skýlaus lagskylda til að annast framfærslu þeirra.

Það er upplýst í málinu, að sóknaraðili gerði engar fjárkröfur á hendur varnaraðilja, þegar hann sótti um skilnað að borði og sæng og lögskilnað. Við sáttaumleitun 12. maí 1948 varð samkomulag milli hjónanna um það, að um fjármál þeirra skyldi fara eftir kaupmála þeirra frá 5. apríl 1941. Telja verður, að sóknaraðili hafi með samkomulagi þessu firrt sig rétti til að gera síðar fjárkröfu í bú þeirra eða úr hendi Sigrúnar, og verða kröfur hans því ekki teknar til greina. Ber því að sýkna Sigrúnu Edwald af öllum kröfum Högna í máli þessu.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Uppkvaðning úrskurðar þessa hefur dregizt nokkuð vegna sérstakra embættisanna dómarans við undirbúning manntalsþings og þingferðir.

Því úrskurðast:

Frávísunarkrafa varnaraðilja, Sigrúnar Edwald, verður ekki

tekin til greina. Krafa sóknaraðilja, Högna Gunnarssonar, um skipti á búi Sigrúnar Edwald verður ekki tekin til greina.

Málskostnaður falli niður.

Föstudaginn 7. október 1955.

Nr. 48/1954. Ísafoldarprentsmiðja h/f (Lárus Jóhannesson)  
gegn

Fjölsvinnisútgáfunni (Ragnar Ólafsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Um greiðsluskyldu útgefanda ritverks samkvæmt útgáfusamningi.

### Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 10. apríl 1954, gerir þessar dómkröfur:

*Aðalkrafa:* Að hann verði sýknaður af kröfum stefnda og að stefnda verði dæmt að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

*Varakrafa:* Að honum verði einungis dæmt að greiða stefnda fjárhæð sölulauna vegna þeirra áskrifenda Alfræðibókarinnar, sem stefndi sanni eða geri sennilegt, að hefðu staðið við áskriftir sínar, ef bókin hefði byrjað að koma út haustið 1949, þó eigi yfir kr. 217.299.00, að um málskostnað í héraði verði eigi dæmt í þessum þætti málsins, en stefnda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda eftir mati dómsins.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 6000.00.